

Stjórnarskipti, 3. júlí 2003.

Starfsáætlun – fjárhagsáætlun, 03/04.

Ágæti fráfarandi forseti, Almar, fráfarandi stjórn og kærur rötaryfélagar. Mig langar að byrja á því að biðja nýja stjórn um að fá sér sæti við stjórnarborðið. Þar sitja nú Sigurður Hallgrímsson, verðandi forseti, Kristján Stefánsson, ritari, Hallgrímur Jónasson, gjaldkeri, og Eyjólfur Sæmundsson, stallari.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að þakka það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér forsetaembætti klúbbsins okkar þetta komandi starfsár. Auðvitað ætla ég að reyna að standa undir væntingum ykkar, enda hafið þið valið með mér úrvals mannskap í stjórnina svo vonandi verður þetta ár ánægjulegt fyrir okkur öll. Og ekki spillir fyrir að félagi okkar Bjarni Þórðarson er nýtekinn við embætti umdæmisstjóra Íslenska Rotaryumdæmisins, formlega frá og með 1. júlí og óskum við honum innilega til hamingju og hlökkum mikið til að starfa með honum.

Fráfarandi stjórn, og þá sérstaklega Almari Grímssyni, vil ég þakka einstaklega skemmtilegt og gjöfult rötary starfsár. Almar líkti rötarystarfinu við háskólanám hins daglega lífs, sem er ekki fjarri lagi, og það er nokkuð víst að kennararnir í þeim skóla geta unað glaðir við sitt ársverk. Almar hefur stýrt þessu afskaplega vel, með festu en líka með mikilli lagni eins og honum er svo vel lagið. Fundarefni hafa verið einstaklega vel heppnuð og aldrei fallið niður, og auðvitað eru margir fleiri af félögum okkar sem eiga þar hlut að máli. Og það er full ástæða til að vona að þið verðið eins útsjónarsöm með að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málefni, á þessu komandi starfsári eins og því síðasta, því þetta er jú verk okkar allra. Ennfremur er ástæða nú, þegar Almar setur á mig þessa forlata keðju, til þess að þakka honum sérstaklega þann rausnarskap sem hann sýndi í að láta útbúa nýja keðju og gefa klúbbum á síðasta starfsári.

Umdæmisþing

Fyrir einni og hálfri viku sátum við Kristján formótið í Vestmannaeyjum, og síðan umdæmisþingið sjálft, daginn eftir, og bættist okkur þá heldur betur liðsauki eins og fram kom hjá Almari áðan, er stór hópur klúbbfélaga, maka og skiptinemi komu til þess að samfagna með Bjarna og Kristínu er Bjarni tók við embætti umdæmisstjóra af Sigurði Símonarsyni, fráfarandi umdæmisstjóra.

Umdæmisþingið var í alla staði mjög vel heppnað, bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Fráfarandi umdæmisstjóri fór yfir starf síðasta starfsárs og Bjarni lagði okkur línurnar með komandi starfsár, bæði sínar eigin hugrenningar og svo líka áhersluatriði forseta Rotary International, Jonathan Majiyagbe frá Nigeríu. Jonathan hefur valið einkunnarorð fyrir starfsárið en þau eru “Lend a hand”, sem Bjarni hefur þýtt, “Ljáðu hönd”. Þessi fátæklegu orð segja svo rosalega mikið um hvernig æskilegt er að starfa, ekki bara í rötary heldur er líka fólgin í þeim hvatning um hvernig farsælast er að hugsa í þessu lífi, til þess að öllum líði betur.

Jonathan Majiyagbe leggur áherslu á fjögur megin atriði í ávarpi sínu: Ljá hönd til þess að draga úr hörmungum fátæktar. Ljá hönd gegn ólæsi og menntun hinna ólæsu. Ljá hönd til að vinna gegn sjúkdómsplágum. Og í fjórða lagi að ljá hönd til að auka samheldni allra í rötaryfjöldkyldunni. Og hann skilgreinir rötaryfjöldkylduna sem: “Núverandi og fyrrverandi rotaryfélagar, makar og börn rötaryfélaga svo og makar látinna rötaryfélaga”.

Þeir báðir Jonathan og Bjarni lögðu mikla áherslu á þessi tengsl rötaryklúbbsins við fjölskyldur okkar. Og þá er tilefni til þess að við spyrjum okkur: Er ekki hægt að auka þessi tengsl, leyfa fjölskyldum okkar að taka meira þátt í því sem við erum að gera. Ég held reyndar að þarna stöndum við í klúbbum okkar ekkert svo mjög illa að vígi, mér dettur t.d. í hug sona og dætrafundurinn um áramótin, skógræktardagurinn á vorin, höggvin jólatré með börnunum í desember, og svo gönguferðirnar sem við höfum farið í undanfarin ár, Selvogsgatan, Brennisteinsfjöllin, Krýsuvík og Viðey, þó mér finnst reyndar allt of lítið gert af því að taka börnin með í slíkar ferðir. En þetta er atriði sem má alltaf hafa á bak við eyrað.

Bjarni lagði mikla áherslu á nýja félagi í rötary og þá ekki síst hvernig við höldum í nýja félagi, það er nefnilega ekki nóg að finna nýja félagi heldur þarf þeim að finnast gaman og gott að starfa með okkur og þeir þurfa að finna sig vel í hópnum. Það þarf nefnilega að vera skemmtilegt í rötary, og það var nefnilega skemmtilegt í rötary á síðasta ári og verður það vonandi líka á þessu starfsári sem nú fer í hönd. Bjarni talaði líka um hvort rötary mætti ekki vera meira sýnilegt í þjóðfélaginu, og það er atriði sem við megum alveg hugsa svolítið um og liggja ekki á hugmyndum okkar.

Handbók

Handbókin okkar fyrir þetta starfsárið er tilbúin og er dreift hérna núna í dag. Hún er með hefðbundnu sniði síðustu ára, lítil, einföld en innihaldsrík. Ég vil sérstaklega benda á að á forsíðu er getið heimasíðunnar okkar og það hvetur félagi vonandi til þess að fara oftari inn á síðuna og kynna sér það sem þar er sett inn, bæði texta og myndir. T.d. er búið að setja þar inn talsvert af myndum frá umdæmisþinginu í Vestmannaeyjum, sem ábyggilega margir hafa gaman af að skoða. Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að þakka sérstaklega Guðna Gíslasyni allt það óeigingjarna starf sem hann hefur lagt af mörkum við að halda þessarri síðu við. Það er ómetanlegt.

Heiðursfélagar

Venjan er að stjórnin tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélögum það starfsár og hefur hún ákveðið að Magnús Guðlaugsson og Pétur Þorbjörnsson verði heiðursfélagar Rötaryklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2003-2004.

Félagsgjöld

Gjaldkeri mun hér á eftir leggja fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs og auðvitað vonumst við til þess að sátt verði um það sem hann leggur til, en fjármál eru jú oft mikil tilfinngamál í félagsskap sem þessum. Stjórnin er sammála um að viðhalda lægra árgjaldi fyrir þá klúbbfélaga sem eru orðnir 70 ára, og þess óska. Það gjald þarf að duga fyrir

helstu skylduútgjöldum klúbbsins og hefur verið ákveðið 25% lægra en gjald annarra félaga. Venjulegt félagsgjald lækkar úr 24.000 í 22.000 og njótum við þar helst þess að næsta starfsári verður enginn skiptinemi á vegum klúbbsins og svo hitt að dollarinn hefur lækkað verulega aftur og helst þar vonandi næstu misseri, þó vissulega sé ekkert tryggt í þeim efnunum. En eins og ykkur er vonandi kunnugt þá eru greiðslur okkar til Rotary International og Rotary Foundation allar í dollurum.

Fundir

Fundir verða með sama sniði og áður og vonandi jafn kröftugir og jafn áhugaverðir og á síðasta starfsári. Það gerist með því að við sameinumst um að útvega áhugaverða fyrirlesara um málefni líðandi stundar hverju sinni. Við verðum áfram á sama tíma og sama stað, hér í Gaflinum, þó svo að öðru hvoru hafi komið fram einhverjar hugmyndir um breytingar. Matarverð verður óbreytt, 1.400 krónur, en ekki er loku fyrir það skotið að einhverjar áherslubreytingar verði í matnum sjálfum, t.d. aukin áhersla á léttari mat, sem er í takt við breytingar í þjóðfélaginu.

Rotary Foundation

Það vakti mikla athygli á umdæmisþinginu það mikla framlag sem við áttum til Rótarysjóðsins á síðasta ári, eins og Almar sagði frá á síðasta fundi. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því framlagi sem umdæmisstjóri setur sem viðmið, en okkur langar að gera miklu betur með ýmsum öðrum hætti. Þar er fyrst að telja að tæma klink úr vösum í grísinn okkar, því margt smátt gerir eitt stórt. Í fráfarandi stjórn var mörkuð sú stefna að ætlast til þess að þegar félagar fá fána til þess að gefa í klúbbum erlendis, þá borgi þeir 500 kr fyrir fánann og það renni í grísinn. Eins má gera ráð fyrir því að marga félaga langi til þess að eignast slíkan fána fyrir sjálfan sig og það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, grísinn nýtur góðs af. Þá hefur verið ákveðið að framlag klúbbsins til sjóðsins í tilefni af stórafmælum (í stað blómvandar) hækki úr 25\$ í 50\$. Enn fremur má alveg benda á það fordæmi sem tveir félagar sýndu á síðasta ári að gefa rötarysjóðnum í nafni klúbbsins peningaupphæð í stað þess að bjóða klúbbfélögum upp á afmæliscaffi. Eftir umdæmisþingið í Vestmannaeyjum kom í ljós að hótelið hafði gert mistök í því að rukka ekki alla Hafnirðingana um greiðslu fyrir morgunmatinn, og það sást til eins þeirra setja andvirði morgunmatarins í grísinn á síðasta fundi. Svona er hægt að finna ýmis tilefni til þess að gera grísinn feitan.

Nefndir

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leyti hefðbundið, nema hvað sérstök nefnd var skipuð til þess að skipuleggja framkvæmd umdæmisþingsins hér í Hafnirfirði á næsta ári og hefur hún þegar hafið störf.

Æskulýðsnefnd þarf ekki að sjá um neinn skiptinema þetta árið en vonandi kemur hún til með að skipuleggja dvöl skiptinema hjá okkur á næsta starfsári.

Störfum vesturfarnefndar er lokið, en miklar vonir eru bundnar við ferðanefndina og eru hugmyndir þegar komnar á loft.

Í fyrra viðraði fráfarandi forseti þá hugmynd að efna til innanklúbbs-golfmóts með aðild skemmtinefndar, og er sú hugmynd reifuð hér aftur. Haustið er jú oft dálítið langt og hægt að spila golf fram eftir öllu.

Reynt var að hafa reyndari rótaryfélaga sem formenn nefnda en gjarnan nýrri félaga sem varaformenn, til þess að reyna að virkja þá strax í starf klúbbsins.

Umdæmisþingið 2004

Umdæmisþingið 2004 er ekki inni í fjárhagsáætlun klúbbsins enda ætlunin að reka það sem algerlega sjálfstæða framkvæmd sem verður að standa undir sér með þátttökugjöldum, blaðautgáfu og fleiru, og verður það gert upp sérstaklega í júní/júlí á næsta ári, þó auðvitað sé það á okkar ábyrgð.

Önnur verkefni

Af öðrum verkefnum mætti nefna að við þurfum að lagfæra útsýnisskífuna á Ásfjalli og við þurfum að taka á móti GSE hópi frá Kanada í vor. Einhverjir félagar verða kallaðir í þessi verk, og þá eins og alltaf, þarf að bregðast vel við. En umfram allt, þá ætlum við að fræðast, kynnast, láta gott af okkur leiða og skemmta okkur. Við ætlum að **“Ljá hönd”**.

Lokaorð

Að lokum langar mig til þess að minnst á mætingar. Það styttist nú vonandi í að við fáum að sjá hjá honum Skúla hvernig mætingar hafa verið á síðustu mánuðum. Mig grunar að það séu e.t.v. einhverjir félagar sem eiga erfitt með að gera upp við sig hvort þeir vilji yfir höfuð starfa með okkur. Það eru félagar í klúbbum sem mæta nánast aldrei á fundi, án sýnilegrar ástæðu, og það eru líka félagar í klúbbum sem skulda félagsgjöld, jafnvel meira en eitt misseri, og ef raunverulegir erfiðleikar eru til staðar þá stöndum við saman og ljáum hönd, en að öðrum kosti verða félagar auðvitað að standa skil bæði á gjöldum og mætingum. Það er full ástæða til þess að hvetja féлага til þess að mæta vel á fundi, þannig nást jú þessi markmið að fræðast, kynnast, láta gott af sér leiða og skemmta sér. Ennfremur er ástæða til að hvetja féлага til þess að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum, bæði hér heima og erlendis. Það er mjög gaman að fara á fundi erlendis og upplifa hvernig þetta, sem við erum að gera hér heima, fer fram í öðrum menningarheimum. Því fjarlægara, því skemmtilegra. Okkur er alltaf vel tekið á fundum annars staðar, sem rótaryfélögum, og auðvelt er að fá upplýsingar, hjá henni Þórdísi á umdæmisskrifstofunni, um fundatíma og staði erlendis. Þetta er hluti af Rótary. Góðir rótaryfélagar. Stjórn klúbbsins er einhuga um að reyna að gera þetta starfsár fræðandi og skemmtilegt eins og hitt sem á undan er gengið. En þá er æskilegt að allir séu virkir og leggi eitthvað af mörkum og þá er eins víst að þetta starfsár sem í hönd fer verði eitt af þeim bestu í minningabókinni okkar.

En umfram allt leggjumst öll á eitt um að ná settu marki og **“Ljá hönd”** hverjum þeim sem á þarf að halda.

Guðmundur Rúnar Ólafsson,
forseti Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar 2003/2004.